



# Pistill sveitarstjóra

## Skútustaðahreppur

8. feb. 2020 – Pistill nr. 68

Kæru Mývetningar nær og fjær. Þorablót Kvenfélags Mývatnssveitar á dögnum var að vanda skemmtun í hæsta gæðaflokki. Þorablótsnefndin fór á kostum þar sem hamingjan var alls ráðandi. Kærar þakkir fyrir skemmtunina.



Þorablótsnefndin fór á kostum í Skjólbrekku.

**Nýja leikskólabyggingin vígð – Allir í skýjunum**  
Leikskólinn Ylur vígði nýja leikskólabyggingu formlega á fimmtudaginn að viðstöddu fjölmenni. Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri stjórnaði vígslunni og Alma Dröfn Benediktsdóttir formaður skólanefndar og Þorsteinn sveitarstjóri fluttu ávörp. Þorsteinn hvatti Mývetninga til að vera duglega við barneignir til að fylla nýja leikskólann og auka á hamingju sveitunga. Ólafur Ragnarsson eigandi verktakans Húsheildar ehf. færði leikskólanum gjöf í tilefni dagsins eða hitaskáp og færur við honum bestu þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Tímamót urðu í sögu leikskólans Yls fimmtudaginn 17. október s.l. þegar ný leikskólabygging var tekin í



Frá vígslu leikskólans. F.v. Ólafur Ragnarsson verktaki og framkvæmdastjóri Húsheildar ehf., Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri, Alma Dröfn Benediktsdóttir formaður skólanefndar og Þorsteinn sveitarstjóri.

notkun.  
Framkvæmdir hófust síðasta vor en verktakinn Húsheild ehf. skilaði leikskólann af sér samkvæmt áætlun upp á dag. Óhætt

er að segja að nýja byggingin sé bylting fyrir starfsemi leikskólans. Um er að ræða timburhús á einni hæð, byggt á steyptri plötu, við grunnskólann. Nýbyggingin inniheldur m.a. þrjú deildarrými. Samhliða nýbyggingu var skipulagi eldri byggingar breytt þannig að þar er sérkennslu/fundarherbergi auk skrifstofu leikskólastjóra og undirbúningsherbergis. Hreinlætisaðstaða barna er endurbætt og bætt við snyrtingu í forstofu. Heildarkostnaður við byggingu leikskólans var um 62 m.kr.



Leikskólinn Ylur

Mývatnssveit



Forstofa leikskólans var færð og útbúin þurrkaðstaða með skápum. Heildarstarfssvæði leikskóla er 226 ferm. auk aðgengis að snyrtingu fyrir hreyfihamlaða í grunnskólabyggingu. Leik- og kennslurými ásamt sérkennsluáðstöðu er 107,7 ferm. Í leikskólanum er nýtt fráveitukerfi, þ.e. aðskilið svartvatn og grávatn. Vel var mætt við vígsluna enda hátíðisdagur í sögu sveitarfélagsins því nú er aðstaða leikskólans til fyrirmyndar.



**Könnun um líðan Mývetninga - Taktu þátt rafrænt á [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)**  
Hamingjukönnunin 2020 er klár og þú getur tekið þátt rafrænt með því að fara inn á heimasíðu

Skútustaðahrepps. Þetta eru aðeins 15 spurningar og tekur 2-4 mínútur að svara. Þegar niðurstöður könnunarinnar liggja fyrir verður farið í sértækari aðgerðir sem miða að því að auka hamingju og vellíðan íbúa sveitarfélagsins. Því skiptir miklu máli að sem flestir taki þátt í könnuninni. Niðurstöður verða ekki greindar niður á einstaklinga og öll svör eru trúnaðarmál. Það er einlæg ósk okkar að Mývetningar taki þessu verkefni vel enda er því ætlað að gera heilsueflandi samfélag okkar enn betra.

Eitt af mikilvægustu stefnumálum sveitarstjórnar er að stuðla að vellíðan og hamingju íbúanna. Fyrsta skrefið var að leggja fyrir könnun um líðan Mývetninga á síðasta ári og ýmislegt gert í kjölfarið svo sem að bjóða upp á fræðslu og fyrirlestra, aukið íbúasamráð o.fl. Nú er sem sagt komið að því að endurtaka könnunina sem verður með einfölduðu sniði að þessu sinni. Sveitarfélagið hefur fengið þekkingarnet Þingeyinga líkt og áður til að leggja fyrir könnun um líðan Mývetninga. Hægt er að svara könnuninni rafrænt með því að smella á linkinn á heimasíðu sveitarfélagsins. Ennfremur verður verður hringt út til íbúa og þeir beðnir að svara könnuninni. Spurningalistinn var unninn með aðstoð frá Embætti landlæknis og með hliðsjón af rannsókn Jóhönnu Jóhannesdóttur.

### **Sameiginleg almannavarnarnefnd**

Sveitartjórn hefur samþykkt samkomulag um skipan sameiginlegrar almannavarnarnefndar í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Í því felst að almannavarnarnefnd Eyjafjarðar og almannavarnarnefnd Þingeyinga sameinast í eina almannavarnarnefnd í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Sameining almannavarnarnefnda tekur til eftirfarandi sveitarfélaga: Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Hörgársveitar, Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandahrepps, Grýtubakkahrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Norðurþings, Tjörneshrepps, Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.





**Skemmtilegt þorrablót í Reykjahlíðarskóla**  
Foreldrafélag grunnskólans bauð nemendum, foreldrum, starfsfólki grunnskólans og öðrum gestum á hið árlega þorrablót í Reykjahlíðarskóla. Að vanda svignaði veisluborðið undan þorra-kræsingum og nemendur buðu upp á frumleg skemmtiatriði og spurningakeppnir.



Spurningakeppni kennara og foreldra.

**Vetrarhátíð við Mývatn haldin í fyrsta sinn dagana 6. - 8. mars 2020**

Helgina 6.-8. mars næstkomandi verður sannkölluð vetrarstemning í Mývatnssveit en þá verður *Vetrarhátíð við Mývatn* haldin í fyrsta sinn. Þetta er nokkurs konar bæjarhátíð að vetri til þar sem verður fjölbreytt og spennandi fjölskyldudagskrá alla helgina í hinni fögru Mývatnssveit sem er sannkölluð vetrarparadís á þessum árstíma. Sérstaða *Vetrarhátíðar við Mývatn* eru þær vetraríþróttir sem verða í öndvegi en þar má nefna hestamótið Mývatn Open - Hestar á ís, Íslandsmeistaramót sleðahundaklúbbs Íslands og svo Mývatnssleðinn þar sem fólk keppir á heimalöguðum sleðum á vatninu. Allir þessir viðburðir eiga það sameiginlegt að vera haldnir á ísi lögðu Mývatni. Í ár verður einnig haldið Íslandsmeistaramót í snjókrossi í Kröflu. Allir þessir viðburðir verða opnir gestum og gangandi sem vilja koma og fylgjast með þessum viðburðum. Veiðifélag Mývatns mun jafnframt bjóða upp á dorgveiði í Mývatni og íþróttafélagið Mývetningur ætla að halda opnu gönguskíðaspori alla helgina. Hægt verður að heimsækja sleðahundana og það verður barnabraut fyrir fjölskylduna á Álftabáru, lifandi tónlist og tilboð í gistingu og mat alla helgina. Hægt er að skoða dagskrána á [www.vestrarhatid.com](http://www.vestrarhatid.com)



Unnur bregður á leik með Emelíu Rós. Mynd. Sýlvía Ósk.

## Fjölskyldusirkusinn Húlladúllan í heimsókn

Húlladúllan heimsótti Mývatnssveit í gærkvöldi og bauð samfélaginu í Skútustaðahreppi að koma og leika í íþróttahúsinu! Vel var mætt í sirkusgleðina líkt og í fyrrasumar þegar Húlladúllan var hér á ferð.

## Úthlutunarhátíð í Skjólbrekku

Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra var haldin í Skjólbrekku í gær við hátíðlega athöfn. Nokkur verkefni í Mývatnssveit fengu góða styrki þar á meðal Mýsköpun, jólasveinarnir í Dimmuborgum, Snowdogs og Músík í Mývatnssveit.

Uppbyggingarsjóði bárust alls 158 umsóknir, þar af 68 til atvinnuþróunar og nýsköpunar og 90 til menningar. Samtals var sótt um tæpar 335 mkr., þar af rúmar 190 mkr. til atvinnuþróunar og nýsköpunar, og 144,6 mkr. til menningarstarfs. Úthlutunarnefnd samþykkti að veita 32 verkefnum á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar styrki að upphæð 38 m.kr. og 50 verkefnum á sviði menningar styrki að upphæð 38 m.kr.



Fulltrúar Mývettinga á úthlutunarhátíðinni í Skjólbrekku. Bergþóra frá Snow Dogs, Kjötkrókur, Júlía fyrir hönd Mýsköpunar, Arnþrúður fyrir hönd Þekkingarnets Þingeyinga, Kertasníkir, Dagbjört sem sat í úthlutunarnefndinni fyrir hönd Skútustaðahrepps og Þorsteinn sveitarstjóri.



Myndarlegur hópur sem fékk úthlutað styrkjum í Skjólbrekku.

## Hrós dagsins...

Fær að sjálfsgöðu Kvenfélag Mývatnssveitar fyrir alveg stórkostlegt þorablót.

## Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa formlega og óformlega fundi að undanfögnu og má þar nefna námskeið um fjarfundi, með hamingjunefnd sveitarfélagsins, ungmennaráði, lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, vegna svartvatnsmála, vegna vígslu leikskólans o.fl.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**